

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Skaftárhreppi.

Virkjun í Hverfisfljóti við Hnútu, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkti á fundi sínum 20. janúar 2022 deiliskipulag fyrir virkjun í Hverfisfljóti við Hnútu.

Deiliskipulagið tekur til um 84,2 ha svæðis fyrir 9,3 MW virkjun. Gert er ráð fyrir 750 m² stöðvarhúsi, stíflumannvirki, aðrennslisskurði, frárennslisskurði, þrýstipípu, inntaki ásamt aurskolunarmannvirki, aðkomuvegi og bílastæðum. Auk þess er gert ráð fyrir tveimur lóðum fyrir tíma-bundnar vinnubúðir.

Skipulagið hefur hlotið meðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Kirkjubæjarklaustri, 25. febrúar 2022.

F.h. Skaftárhrepps,

Ólafur Elvar Júlíusson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 11. mars 2022